



## Fundur í skipulags- og umhverfisnefnd

**3. fundur skipulags- og umhverfisnefndar Langanesbyggðar haldinn að Fjarðarvegi 3 Þórshöfn þriðjudaginn 21. mars 2019. Fundur var settur kl. 15:00.**

**Mætt voru:** Jósteynn Hermundsson, Kristján Úlfarsson, Hallsteinn Stefánsson, Karl Ásberg Steinsson og Elías Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði.

### Fundargerð

#### 1. Erindi Björgunarsveitarinnar Hafliða, ósk um umsögn vegna mögulegrar stækkunar Hafliðabúðar

Lagt fram erindi Björgunarsveitarinna Hafliða með ósk um umsögn vegna mögulegrar stækkunar Hafliðabúðar.

**Samþykkt um afgreiðslu:** Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra óska álits skipulagsráðgjafa sveitarfélagsins á hugmyndinni.

#### 2. Staða á skipulagsvinnu

##### a. Breyting á aðalskipulagi – efnistökusvæði

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi er í auglýsingu **vantar dags.**

##### b. Breyting á aðal- og deiliskipulagi – hesthúsabyggð við Þórshöfn

Tillaga að deiliskipulagi hesthúsahverfisins er í auglýsingu til 24. apríl nk.

##### c. Breyting á deiliskipulagi - athafnasvæði á Þórshöfn

Drög að tillögu verða kynnt á opnu húsi á skrifstofu sveitarfélagsins. Þegar því er lokið verður tillagan lögð fyrir skipulagsnefnd/sveitarstjórn og svo auglýst.

##### d. Breyting á deiliskipulagi – kirkjugarður á Þórshöfn

Drög eru vinnslu. Samþykkt að fallast á ábendingar sóknarnefndar, dags. 19. febr. sl., þess efnis að suðurhlið garðsins færast að drenskurði sem þegar hefur verið grafinn.

Samþykkt samhljóða.

##### e. Deiliskipulag miðsvæðis við Bakkaveg og Vesturveg

Tillaga að deiliskipulagi er í auglýsingu til 27. mars nk.



### 3. Sorpskil 2018 og umhverfismarkmið

Lag fram yfirlit um magn sorps 2018 sem urðað var á Bakkafirði og ákv. í starfsleyfi UST fyrir urðunarstaðinn. Sveitarfélaginu ber, skv. starfsleyfinu, að setja sér umhverfismarkmið fyrir 1. maí nk., það mál er í vinnslu á skrifstofu.

### 4. Uppgræðsla skjólbeltis á Bakkafirði

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að hafist verði handa við gerð skjólbeltis umhverfis urðunarstaðinn, það verði gert með gróðursetningu trjáa.

Samþykkt samhljóða.

### 5. Lóðir við Langanesveg og gamla olúportíð

Nefndin felur sveitarstjóra að taka saman fyrirbyggjandi gögn og leggja fyrir næsta fund.

Samþykkt samhljóða.

### 6. Innsend erindi

- a. *Erindi frá Grétu Bergrímu o.fl. vegna sorpflokkunar, dags. 26. febr. 2019*

Nefndin þakkar bréfriturum erindið og tekur undir að góð flokkun er mjög mikilvæg. Sveitarstjóra falið að svara bréfriturum í samræmi við umræður á fundinum.

- b. *Hættulegt hús á Bakkafirði, erindi frá Ólafi B. Sveinssyni, dags. 27. febr. 2019*

Nefndin felur sveitarstjóra að rita eiganda hússins bréf og krefjast úrbóta bæði hvað varðar ytra útlit og ástand þess.

### 7. Önnur mál

- a. Hreinsunardagur 2019

**Bókun um afgreiðslu:** Samþykkt að stefna að hreinsunardegi 18. maí nk. Sveitarstjóra falið að auglýsa hreinsunaráttak með hefðbundnum hætti.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:26.